


Kæru foreldrar/ forráðamenn

Fimmtudaginn 6. febrúar er nemendum í Giljaskóla boðið í Hlíðarfjall. Ekki verður hefðbundin kennsla þennan dag. Frjáls mæting verður í valgreinar á unglíngastigi eftir hádegi. Vinsamlegast athugið að hjá sumum nemendum er *skóla lokið fyrir en venjulega á fimmtudaginn*. Lyftur sem verða opnar eru Töfrateppið, Hólabraut, Skálabraut og Hjallabraut. Aðrar lyftur fylgja hefðbundnum opnunartíma Hlíðarfjalls.

Skráning og leiga búnaðar

Nemendur í 1. – 2. bekk geta komið með eigin skíðabúnað. Ekki verður hægt að lána þeim búnað, en þeir geta komið með sleða eða þotur og geta nýtt sér Töfrateppið og Auði. Nemendur í 3. – 10. bekk sem ekki eiga búnað geta fengið hann lánaðan í Hlíðarfjalli. Um er að ræða skíði eða snjóbretti og ekki er hægt að skipta um búnað þegar búnað er að velja. Skrá verður hæð og skóstærð fyrirfram og tekur umsjónarkennari við þeim skráningum í síðasta lagi mánudaginn 3. febrúar. Þar sem mikil ásókn hefur verið í að fá lánaðan búnað hvetjum við þá nemendur sem eiga skíði eða bretti að koma með sinn eigin búnað. Skila þarf skíðabúnaðinum þegar skipulagðri dagskrá lýkur, þ.e. þegar rútur á vegum skólans fara heim.



Ósk um lengda viðveru í fjallinu

Ef nemendur í 5. - 10. bekk ætla að verða eftir í Hlíðarfjalli eftir að skipulagðri dagskrá lýkur verða foreldrar að senda tölvupóst á umsjónarkennara eða hringja í ritara og tilkynna um það. Með þeirri tilkynningu er barnið á ábyrgð foreldra í fjallinu. Þeir nemendur sem ætla að vera lengur þurfa að eiga rafrænt kort eða árskort. Þeir sem eiga þannig kort vinsamlega komið með þau. Þeir sem eiga ekki rafrænt kort (sundkort eða kort í fjallið) þurfa að kaupa það. Búnað þarf að leigja eftir kl.12:45.

Mikilvæg atriði:

- Áríðandi að foreldrar brýni fyrir börnum sínum að þau gæti að sér hvar sem þau eru og reyni ekki að fara í lyftur og skíðabrautir sem þau ráða ekki við.
- Foreldrum er velkomið að hitta okkur uppi í fjalli og vera með okkur þennan dag.
- Muna eftir næringarríku nesti, hjálmi og góða skapinu.
- Vera klædd til útivistar, merkja vel föt og allan búnað.
- Hjálmurinn skiptir höfuðmáli hvort sem barnið er á bretti, sleða eða skíðum. Þeir sem ekki eiga hjálma geta fengið þá lánaða í Hlíðarfjalli.

Mæting:

8. - 10. bekkur. Mæting í skóla kl. 08:00. Rútur í Hlíðarfjall kl. 08:15 og til baka kl.12:30

5. – 7. bekkur. Mæting í skóla kl. 08:15. Rútur í Hlíðarfjall kl. 08:30 og til baka kl.12:00

1. – 4. bekkur. **Mæting í skóla kl. 08:30.** Rútur í Hlíðarfjall kl. 09:00 og til baka kl.11:30 þá er matur og skólalok (eða **Fristund** fyrir þá sem þar eiga að vera)

Nemendur sem skráðir eru í mat, borða þegar þeir koma úr fjallinu. Nemendur í Fristund fara þangað að loknum matartíma. Vakin er athygli á því að veður og færi getur breyst á skömmum tíma og verða allir að taka mið af því.

Nemendum í 6. – 10. bekk sem ekki treysta sér í fjallið er boðið uppá gönguferð á sama tíma.

Með von um góða skemmtun í Hlíðarfjalli
Starfsfólk Giljaskóla